

Nú ætlar þú að reyna setja þig í spor annarra.

Veldu eitt af börnunum í þessari bók og ímyndaðu þér að þú sért að taka viðtal við það um lífið, tilveruna og Barnasáttmála Sp.

Leitaðu þér upplýsinga um landið/svæðið sem viðkomandi býr í, og notaðu við gerð viðtalsins. Er landið t.d. búið að lögfesta Barnasáttmálann?

Svörin þurfa að vera í heilum setningum og a.m.k. fimm setningar hvert.

Afurð: Frjáls, berið undir kennara

Viðmið um árangur:

- Ég get búið til ímyndað viðtal með a.m.k. 6 alvöru spurningum um lífið og tilveruna.
- Ég get sett mig í spor annarra.
- Ég get aflað mér upplýsinga og notað í verkefninu.
- Ég hef kynnt mér Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.



Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi,
- Beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra.